

Starfsreglur foreldraráðs Lækjar

1. gr.

Ráðið heitir Foreldraráð Lækjar og er starfandi við leikskólann Læk, Lækjasmára 114 og Dalsmára 21, Kópavogi.

2. gr.

Ráðið er stofnsett á grundvelli IV. kafla laga nr. 90/2008 um leikskóla. Hlutverk ráðsins er að starfa að þeim verkefnum sem því eru falin samkvæmt framangreindum lögum og reglum sem settar eru á grundvelli þeirra.

Starfsreglur þessar eru settar á grundvelli 1. mgr. 11. gr. leikskólalaga og skulu kynntar á heimasíðu leikskólans, ásamt nöfnum og netföngum fulltrúa í ráðinu.

3. gr.

Í foreldraráði skulu sitja þrjú eða fimm foreldrar barna á leikskólanum Læk. Leitast skal við að minnsta kosti einn fulltrúi sé starfandi frá fyrra ári til að tryggja samfellu í starfi ráðsins.

Foreldraráð skal starfa eitt skólaár í senn, þ.e. frá 1. október til og með 30. september ár hvert. Kjósa skal í foreldraráð á foreldrafundi, í september/október, á ári hverju og skal kosið til eins árs í senn. Leikskólastjóri skal óska eftir nýjum framboðum um leið og boðað er til haustfundar.

4. gr.

Foreldraráð skal setja sér reglur um fundartíma en skal þó funda að lágmarki tvisvar hvert starfsár, í fyrra skiptið til að fara yfir skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans og í seinna skiptið til að fylgjast með og meta hvernig þeim hefur verið framfylgt.

5. gr.

Foreldraráð starfar með leikskólastjóra og skal vera tengiliður við aðra foreldra. Leikskólastjóri skal upplýsa ráðið um mál sem snert geta starfsemi skólans. Ráðið skal halda fundargerðir yfir fundi sína og leikskólastjóri skal sjá til þess að þær séu aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.

6. gr.

Helstu verkefni ráðsins eru að gefa umsagnir um skólanámskrá, skóladagatal og starfsáætlun ársins til leikskólastjóra og leikskólanefndar. Bera skal skóladagatal saman við skóladagatal grunnskóla m.t.t. skörunar við skipulagsdaga og aðra frídaga. Ráðið skal einnig fjalla um sumarlokanir leikskólanna og aðrar stórar ákvarðanir sem hafa áhrif á starf skólans.

Þessu til viðbótar hefur foreldraráð umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á starfi leikskólans.

Ráðið skal einnig fjalla um ábendingar frá foreldrum.

7. gr.

Starfsreglur þessar skulu endurskoðaðar í byrjun hvers skólaárs af nýkjörnu foreldraráði.

Starfsreglur samþykktar á fundi foreldraráðs Lækjar, 6. nóvember 2014.